

LÖG

um Námsmatsstofnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Námsmatsstofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

Hlutverk stofnunarinnar er að annast framkvæmd samræmdra prófa á grunn- og framhaldsskólastigi, svo sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum og aðalnámskrám, auk annarra verkefna á sviði námsmats og rannsókna sem tengjast því svo sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

2. gr.

Helstu verkefni Námsmatsstofnunar eru að:

- a. sjá um samningu, framkvæmd og úrvinnslu samræmdra prófa og könnunarprófa í grunn- og framhaldsskólum,
- b. sjá um birtingu niðurstaðna samræmdra prófa gagnvart nemendum, skólum og fræðsluyfirvöldum og útgáfu heildaryfirlits með niðurstöðum í hverju prófi og prófþáttum eftir skólum og á landsvísu og öðrum upplýsingum sem skýra niðurstöður samræmdra prófa,
- c. miðla upplýsingum til skóla um nýtingu og túlkun á niðurstöðum prófa í einstökum skólum þannig að þau nýtist til þróunar skólastarfs þar og
- d. vinna að námsmatsrannsóknum og samanburðarrannsóknum við árangur skólastarfs í öðrum löndum.

Stofnunin getur unnið að öðrum verkefnum á sviði námsmats og prófagerðar á grundvelli sérstakra samninga við menntamálaráðuneytið og aðra aðila.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirbætur um verkefni stofnunarinnar.

3. gr.

Forstöðumaður Námsmatsstofnunar er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Hann skal hafa lokið meistaraþrófi eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu og skal jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að hann njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Forstöðumaðurinn annast yfirstjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur, ber ábyrgð á fjárreiðum hennar og ræður aðra starfsmenn. Forstöðumaðurinn kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar út á við.

4. gr.

Forstöðumanni er heimilt að semja við aðra aðila um að sinna þjónustu sem stofnuninni er að lögum falið að annast.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn svo sem hér segir: einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin staðfestir starfsáætlanir stofnunarinnar og fylgist með framkvæmd þeirra. Stjórnin veitir menntamálaráðherra umsögn um ráðningu forstöðumanns.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 76/1993, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð núverandi ráðgjafarnefndar Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála fellur niður við gildistöku laga þessara.

Núverandi forstöðumaður Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála gegnir embætti sínu út yfirstandandi skipunartímabil sitt. Að því loknu skal skipa forstöðumann Námsmatsstofnunar í samræmi við ákvæði laga þessara.

Starfsmenn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála við gildistöku laga þessara skulu halda óbreyttum starfskjörum.

Námsmatsstofnun tekur við skuldbindingum sem gerðar hafa verið í nafni Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála við gildistöku laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

21. desember 2000

Nr. 169

LÖG**um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Eftirlitsaðilar skulu einnig með öðrum hætti vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og skulu grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu.

2. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eftirlitsaðilar og þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim skulu tilkynna til hlutaðeigandi stofnana, sem eru ráðuneytum til ráðgjafar samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna, ef gögn sem þessir aðilar hafa undir höndum eða aðrar ástæður benda til hættu á heilsutjóni vegna neyslu matvæla. Sama tilkynningarskylda á við um þá sem starfa við rannsóknir og greiningu á matvælum ef þeir greina í matvælum örverur sem geta valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.